



Stjórnarfundur í aðalstjórn Aftureldingar 15.10. 2014.

7. fundur haldinn í vallarhúsi félagsins.

Mætt: Guðjón Helgason (GH) formaður, Hekla Klemenzdóttir (HK) gjaldkeri, Geirarður Long (GL) meðstjórnandi, Auður Gunnarsdóttir (AG) varaformaður Anna Sigurðardóttir (AS) varamaður. Einnig sat fundinn Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins.

Gestur fundarins Óli Valur Steindórsson (ÓVS) fulltrúi stjórnar í vinnuhóp um fjölnota íþróttahöll sat fyrsta lið fundarins.

Forföll boðuðu Eymundur Sigurðsson og Lára Berglind Helgadóttir.

Formaður setti fund og bauð fundamenn velkomna.

1. Kynning á fjölnota íþróttahöll.

Óli Valur Steindórsson kynnti sig og sín störf og fór því næst yfir stöðu mála varðandi undirbúningsvinnu við byggingu fjölnota íþróttahallar í Mosfellsbæ. ÓVS fór yfir útreikninga sína varðandi kostnað við byggingu slíks húss og sagði frá reynslu úr öðrum bæjar- og sveitarfélögum sem byggt slík hús. Fór hann yfir nýtingar- og notkunartölur svo og hagkvæmisútreikninga sem gerðir hafa verið. Fram kom að fjölgun iðkenda yrði í deildinni jafnhliða fjölgun bæjarbúa á næstu árum og að inniæfingar yrðu fleiri þegar slíkt hús væri komið upp, en reynslan í öðrum stöðum sýnir að veruleg fjölgun iðkenda verður þegar slíkt hús koma upp. Farið var yfir kostnað sem greiða þarf nú í leigu til annarra sveitarfélaga vegna aðstöðuleysis hér. Að lokum sýndi ÓVS stutt tölvugert myndband af útliti svæðisins og hvernig heildarmynd Varmárvæðis myndi líta út þegar höllin væri upp komin. Umræður urðu um málið. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með kynninguna og veittu Óla Val umboð til þess að kynna hana bæjaryfirvöldum og þeim sem málið varðar á þessu stigi undirbúnings.

2. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri sagði frá stöðu mála varðandi dómsmál.
- Rætt var um styrki sem deildir félagsins hafa verið að landa.
- Sagt var frá beiðni íþrótt- og tólmstundanefndar um að koma í heimsókn og fá kynningu á starfi félagsins í næsta mánuði.
- Rætt var um Uppskeruhátíð og undirbúning hennar.

Fundi lauk kl. 21.00
Auður Gunnarsdóttir
(sign.)